



Ashoka Indlandskeisari

Um það bil 270 f. Kr. varð mikill stríðsmaður að nafni Ashoka keisari yfir hinu völduga Maryan ættarveldi í Indlandi. Í valdatíð sinni réðst hann í það stóra verkefni að sameina öll ríki Indlands með hervaldi og fljótlega réð hann yfir stærstum hluta Indlands.

Dag einn eftir mikinn og blóðugan bardaga gekk Ashoka yfir stríðsvöllinn og horfði á þúsundir manna liggja þar í sárum sínum, flestir dauðir. Við það fylltist hann svo miklu ógeði og eftirsjá að hann ákvað að heyja ekki frekari stríð en reyna að bæta fyrir það sem hann hafði gert. Hann tók búddatrú og lifði og stjórnaði eftir



kenningum Búdda það sem eftir var ævinnar. Í stað stríðsreksturs lét hann reisa skóla, spítala og brunna og fór í pílgrímsferðir á helgustu staði búddadóms þar sem hann lét byggja miklar stúpur, musteri og súlur til heiðurs Búdda. Í þær lét hann rista kennisetningar búddadóms. Auk þess sendi hann trúboða um allt Indland og nágrennalönd.

Áður en Ashoka snerist til búddadóms hafði þetta einkum verið trú aðalsfólks og vel menntaðs fólks en þegar hann tók trúna snerist almenningur einnig til búddadóms.

Pílagrímur er maður í pílgrímsför til helgs staðar. Fólk fer í slíkar ferðir til að styrkja trú sína meir eða til að sýna lotningu sína fyrir helgidóminum.

Musteri er bygging þar sem fólk iðkar trú sína og siði tengda átrúnaði sínum.

Trúboðar eru fólk sem ferðast um og reynir að kenna öðrum um trú sína og fá fólk til að snúast til hennar.

Aðalsfólk er fólk af æðstu stéttum samfélagsins t.d. konungar, prinsar, jarlar og greifar.

Spurningar

1. Hver var Ashoka?
2. Hvað var það sem varð til þess að Ashoka hætti stríðsrekstri og tók búddatrú?
3. Hvað lét Ashoka gera í stað þessa að heyja stríð?
4. Hvers vegna heldur þú að almenningur hafi í auknu mæli snúist til búddadóms eftir að Ashoka snerist?